

Ár 1981, þriðjudaginn 28. apríl, var í málinu nr. 3/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 27. janúar 1980 var sumarbústaður í landi Hrauns í Ölfusi skráður og metinn í fasteignaskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1979, en eign þessi hafði eigi verið í fasteignamati áður. Bústaður þessi, sem hefur þjóðskrárnúmer 9999-8600 01, var í ofangreindum úrskurði metinn á kr. 2.368.000,- og land er honum fylgir, á kr. 63.000,-.


Eigendur kærðu fasteignamat bústaðarins til Fasteignamats ríkisins í bréfi frá 30. janúar 1981 og vísuðu til lélegs ásigkomulags hans. Þeirri kæru var hafnað í úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 5. febrúar 1981. Þeim úrskurði var síðan skotið til Yfirfasteignamatsnefndar í bréfi frá 9. febrúar 1981.


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, var ofangreindur sumarbústaður reistur á árinu 1964. Hann er úr timbri, járnvarinn, og talinn 107.m³. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður bústaðurinn ekki talinn of hátt metinn. Kæran verður því ekki tekin til greina.

Ú R S K U R ð A R O R Ð :

Ofangreind kæra er ekki tekin til greina.


Pétur Stefánsson.


Guðmundur Magnússon.


Haukur Hafstað.